

Nr. 17-022 S 014 Helga Sæm ÞH 70**Vélavana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2494
Útgerð: Helga ÞH ehf.
Smíðaður: Knórr, árg. 2000, Trefjaplast
Stærð: 5,81 bt 8,04 brl.
Mesta lengd: 9,2 m Skráð lengd: 8,05 m
Breidd: 2,89 m Dýpt: 1,25 m
Vél: Caterpillar, 175 kw, árg. 2000
Fjöldi skipverja: 1



Helga Sæm ©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. mars 2017 var Helga Sæm ÞH 70 á netaveiðum í Faxaflóa. Veður: A 8-13 m/s, ölduhæð 1 m.

Tilkynning barst til Vaktstöðvar siglinga að báturinn væri með bilaða vél. Sunna Líf KE dró bátinn til Njarðvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að gúmmítengi milli vélar og gírs rifnaði í sundur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.